

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir janúar – mars 2015 liggur nú fyrir. Það gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri versnaði verulega á milli ára og var neikvætt um tæpan 43,1 ma.kr. samanborið við jákvætt handbært fé upp á 3,7 ma.kr. 2014. Þetta skýrist að stærstum hluta með útgreiðslum vegna leiðréttingar verðtryggðra húsnæðislána sem gjaldfærðar voru í lok árs 2014 en komu til greiðslu í janúar. Innheimtar tekjur jukust um 9,1 ma.kr. milli ára en greidd gjöld jukust um 22,6 ma.kr.

### Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-mars 2015 (m.kr.)

	Milljónir króna		
	2013	2014	2015
Innheimtar tekjur	126.922	156.070	165.153
Greidd gjöld	134.484	147.010	169.604
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-7.562</b>	<b>9.060</b>	<b>-4.451</b>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	1.343	-5.398	-38.608
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-6.219</b>	<b>3.662</b>	<b>-43.059</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>	<b>-5.953</b>	<b>-5.683</b>	<b>3.997</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>-12.172</b>	<b>-2.021</b>	<b>-39.062</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-9.221</b>	<b>-51.575</b>	<b>-21.150</b>
Innanlands	-6.750	-26.800	-4.726
Erlendis	-2.471	24.775	-16.424
<b>Lánsfjárfjöfnuður brúttó</b>	<b>-21.393</b>	<b>-53.596</b>	<b>-60.212</b>
<b>Lántökur</b>	<b>26.616</b>	<b>25.573</b>	<b>25.035</b>
Innanlands	25.895	25.573	25.035
Erlendis	780	0	0
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>5.223</b>	<b>-28.023</b>	<b>-35.177</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs á fyrsta ársfjórðungi ársins 2015 námu 165,2 ma.kr. sem er 28,4 ma.kr. eða 20,7% yfir áætlun fjárlaga og 5,8% meira en innheimtist á sama tímabili í fyrra. Hið jákvæða frávik frá áætluninni skýrist að mestu leyti af tæplega 24 ma.kr. arði frá Landsbanka Íslands sem greiddur var undir lok marsmánaðar. Af heildartekjum fyrstu þriggja mánaða ársins námu skatttekjur og tryggingagjöld 134,8 ma.kr. sem er 5,5% meira en á sama tíma í fyrra. Þegar leiðrétt er fyrir fjármagnstekjuskatti ríkissjóðs sjálfs eru skatttekjur og tryggingagjöld á fyrsta ársfjórðungi 1,6 ma.kr. eða 1,3% yfir áætlun. Frávik frá áætlun fjárlaga eru yfirleitt mest í upphafi árs og vísbendingargildi þeirra er þá lítið. Nú þegar fyrsti fjórðungur ársins liggur fyrir eru frávik orðin nokkuð marktækari en áður.

Skattar á tekjur og hagnað jukust um 9,2% á milli ára og námu samtals 60,9 ma.kr. sem er 5,7 ma.kr. yfir áætlun. Tekjuskattur einstaklinga nam 31,8 ma.kr. sem er 0,6% minna en í fyrra og 1,4 ma.kr. eða 4,2% undir áætlun. Sé einungis litið til staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars í janúar, febrúar og mars þá jókst hún um 7,1% á milli ára. Séu skil á útsvari til sveitarfélaga tekin með en eftirstöðvar vegna fyrri ára undanskildar, jukust tekjur af tekjuskatti einstaklinga um 6,9%. Tekjuskattur lögaðila jókst um 21,1% á milli ára og nam 11,2 ma.kr. sem er 3,2 ma.kr. eða 39,5% yfir áætlun. Þar af nam sérstakur fjársýsluskattur 1,6 ma.kr. Sé hann undanskilinn nam aukningin í tekjuskatti lögaðila 6,3% á milli ára.



Fjármagnstekjuskattur skilaði samtals 17,8 ma.kr. á tímabilinu sem er 3,9 ma.kr. meira en áætlað var og aukning um 23,4% á milli ára. Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði sjálfum nam 4,9 ma.kr. á tímabilinu og flokkast sá hluti sem óreglulegur liður. Hin háa fjárhæð skýrist af arðgreiðslu Landsbanka Íslands, en greiddur fjármagnstekjuskattur af henni nam 4,7 ma.kr. Sé þessi óreglulegi hluti undanskilinn nam fjármagnstekjuskattur 12,9 ma.kr. sem er í samræmi við áætlun, og 3,9% samdráttur frá fyrra ári.

### 1.1.1 Tekjur ríkissjóðs janúar - mars 2013-2015

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	116.121	127.722	134.786	2,5	10,0	5,5
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	48.099	55.751	60.880	4,1	15,9	9,2
Tekjuskattur einstaklinga	28.794	32.018	31.813	4,7	11,2	-0,6
Tekjuskattur lögaðila	6.182	9.280	11.237	-16,4	50,1	21,1
Skattur á fjármagnstekjur	13.124	14.453	17.830	15,9	10,1	23,4
<b>Eignarskattar</b>	2.591	2.457	2.052	-27,5	-5,2	-16,5
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	45.847	48.700	50.426	2,3	6,2	3,5
Virðisaukaskattur	28.285	30.592	32.034	2,8	8,2	4,7
Vörugjöld af ökutækjum	899	927	1.233	5,9	3,1	33,0
Vörugjöld af bensíni	2.538	2.588	2.681	-2,4	2,0	3,6
Skattar á olíu	1.499	1.587	1.650	4,6	5,9	4,0
Áfengisgjald og tóbaksgjald	3.734	3.902	3.973	4,5	4,5	1,8
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	8.891	9.104	8.855	0,3	2,4	-2,7
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	1.432	1.380	1.219	-11,0	-3,6	-11,7
<b>Aðrir skattar</b>	1.821	2.018	2.078	85,6	10,8	3,0
<b>Tryggingagjöld</b>	16.331	17.416	18.131	1,7	6,6	4,1
<b>Fjárframlög</b>	41	43	45	4,2	4,8	4,7
<b>Aðrar tekjur</b>	10.537	28.223	30.322	38,7	167,8	7,4
<b>Sala eigna</b>	222	82	1	-	-	-
<b>Tekjur alls</b>	126.922	156.070	165.153	3,9	23,0	5,8

Eignarskattar drógust talsvert saman frá því í fyrra eða um 16,5% og námu þeir 2,1 ma.kr. sem er 0,7 ma.kr. yfir áætlun. Samdrátturinn milli ára skýrist af brottfalli auðlegðarskatts frá og með síðustu áramótum. Stimpilgjöld námu 0,9 ma.kr. sem er 9,7% yfir áætlun og aukning um 12,7% frá því í fyrra. Tekjur af erfðafjárskatti jukust um 27,4% á milli ára og námu 0,6 ma.kr.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 3,5% á milli ára og námu þeir samtals 50,4 ma.kr. sem er 0,7 ma.kr. eða 1,4% yfir áætlun fjárlaga. Virðisaukaskattur, sem vegur mest í þessum flokki skatta, nam 32,0 ma.kr. sem er 0,6 ma.kr. eða 2,0% undir áætlun fjárlaga og aukning um 4,7% á milli ára. Enn er að mestu leyti um innheimtu vegna veltu ársins 2014 að ræða en einnig vegna innflutnings í mars. Áhrifa kerfisbreytingarinnar um sl. áramót, þegar bilið á milli skattþrepa virðisaukaskattsins var þrengt frá báðum áttum, mun fyrst gæta verulega í tölum aprílmánaðar.

Vörugjald af ökutækjum nam 1,2 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. yfir áætlun og aukning um 33,0% frá því í fyrra. Nýskráningar bíla voru 54% fleiri tímabilið janúar-mars í ár en í fyrra og segir þessi mikla fjölgun til sín í auknum tekjum af þessum lið, en vörugjaldið miðast við koltvísýringslosun ökutækisins. Vörugjöld af bensíni skiluðu 2,7 ma.kr. sem er 3,6% aukning á milli ára og olúgjaldið, sem jókst um 4,0% á milli ára, skilaði 1,7 ma.kr. Bæði gjöldin eru rétt yfir áætlun fjárlaga. Kolefnisgjaldið er á áætlun og skilaði 0,8 ma.kr. sem er 11,4% meira en í fyrra. Innheimta bifreiðagjalds, sem er á gjalddaga í janúar og í júlí ár hvert, er 1,8% undir áætlun og nam 3,0 ma.kr. tímabilið janúar-mars.



Tekjur af áfengisgjaldi námu 2,6 ma.kr. sem er rétt yfir áætlun eða 2,3% og aukning um 4,4% á milli ára. Tekjur af tóbaksgjaldi eru rétt undir áætlun eða 3,3% og námu 1,4 ma.kr. sem er 2,7% samdráttur frá fyrra ári. Sala áfengis á fyrsta ársfjórðungi, mæld í vínanda allra tegunda samanlagt, jókst um 3,2% á milli ára og tóbakssala jókst um 3,3% að magninu til. Samdráttur tekna af tóbaksgjaldi skýrist því af 1% lækkun þess og annarra vörugjalda vorið 2015.

Tollar og aðflutningsgjöld námu 1,2 ma.kr. sem er 4,7% minna en gert hafði verið ráð fyrir og 11,7% samdráttur frá fyrra ári. Samdrátturinn á milli ára er aðeins meiri en gert hafði verið ráð fyrir en hann skýrist af áhrifum fríverslunarsamnings Íslands og Kína sem tók gildi 1. júlí í fyrra.

Tekjur af tryggingagjöldum námu 18,1 ma.kr. á tímabilinu sem er 1,6% undir áætlun og 4,1% aukning frá því í fyrra. Þar af nam almenna tryggingagjaldið 12,6 ma.kr. og atvinnuþryggingagjaldið 3,5 ma.kr.

Aðrir skattar eru á áætlun og námu samtals 2,1 ma.kr. sem er aukning um 3% á milli ára. Þar af námu skattar á launagreiðslur og vinnuafli 1,4 ma.kr. sem er 0,4 ma.kr. undir áætlun. Fjársýsluskatturinn nam 0,7 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. undir áætlun en það er samdráttur upp á 19,2% frá því í fyrra. Samdrátturinn á milli ára stafar að hluta af því að innheimtan í janúar 2014 byggðist á 6,75% skatthlutfalli í stað 5,5% nú.

Aðrar tekjur en skatttekjur jukust um 7,4% milli ára á fyrsta ársfjórðungi og námu samtals 30,3 ma.kr. Stærsti einstaki liðurinn er 23,5 ma.kr. arður frá Landsbankanum sem greiddur var í lok mars. Vaxtatekjur námu samtals 3,8 ma.kr. sem er 24,6% minna en á sama tímabili í fyrra og veiðigjaldið skilaði 0,9 ma.kr. á tímabilinu sem er 36,3% minna en í fyrra.

**Greidd gjöld** námu 113,8 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 14,8 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 15% sem var í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

#### Þróun útgjalda eftir málaflökum janúar-mars 2013-2015

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Fjármagnskostnaður	19.493	21.116	22.605	45,1	8,3	7,1
Almenn opinber þjónusta	11.858	13.179	12.696	69,9	11,1	-3,7
Almannatryggingar og velferðarmál	30.251	31.389	32.219	67,1	3,8	2,6
Heilbrigðismál	30.096	32.629	36.616	61,3	8,4	12,2
Efnahags- og atvinnumál	12.146	14.431	29.248	55,3	18,8	102,7
Menntamál	16.038	15.854	16.572	34,6	-1,1	4,5
Menningar, íþróttar og trúmál	4.829	4.871	4.797	56,6	0,9	-1,5
Lög- og réttargæsla	5.362	5.247	5.332	62,4	-2,2	1,6
Önnur útgjöld	4.411	8.294	9.519	79,5	88,0	14,8
<b>Gjöld alls</b>	<b>134.484</b>	<b>147.010</b>	<b>169.604</b>	<b>56,8</b>	<b>9,3</b>	<b>15,4</b>

Þróun málaflökkanna eru svo rakin frekar í greiningu á frávikum hvers málaflokks. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við fjárlög og fjáráukalög.

#### Útgjöld einstakra málaflokka - frávík milli ára janúar-mars 2014-2015

	2015	2014	% breyt.
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	667	613	8,9
Fjármálastjórnarsýsla ríkisins	1.758	1.625	8,2



Utanríkismál	1.623	2.117	-23,3
Önnur almenn opinber þjónusta	1.438	1.636	-12,1
Fjármagnskostnaður	19.528	16.191	20,6
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	2.879	2.707	6,4
<b>Almenn opinber þjónusta</b>	<b>27.893</b>	<b>24.887</b>	<b>12,1</b>
<b>Lög- og réttargæsla</b>	<b>3.418</b>	<b>3.509</b>	<b>-2,6</b>
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	1.104	1.104	0,0
Landbúnaðarmál	2.188	2.363	-7,4
Samgöngumál	3.483	3.133	11,2
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	793	1.017	-22,1
Önnur efnahags- og atvinnumál	1.186	1.126	5,3
<b>Efnahags- og atvinnumál</b>	<b>8.753</b>	<b>8.743</b>	<b>0,1</b>
Lyf og lækningavörur	2.981	3.080	-3,2
Heilsugæsla	4.820	4.247	13,5
Sjúkrahúsþjónusta	10.437	9.315	12,1
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	4.685	4.338	8,0
Heilbrigðiseftirlit og stjórnsýsla	716	658	9,0
<b>Heilbrigðismál</b>	<b>23.640</b>	<b>21.638</b>	<b>9,3</b>
Menningarmál	1.488	1.350	10,2
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	1.923	1.850	4,0
<b>Menningar- og félagsmál</b>	<b>3.411</b>	<b>3.200</b>	<b>6,6</b>
Framhaldsskólastig	3.502	3.392	3,2
Háskólastig	8.407	8.374	0,4
Önnur menntamál	579	857	-32,4
<b>Menntamál</b>	<b>12.489</b>	<b>12.623</b>	<b>-1,1</b>
Örorka og fötlun	5.709	5.422	5,3
Öldrun	8.144	7.648	6,5
Fjölskyldur og börn	4.779	4.493	6,4
Atvinnuleysi	2.279	2.670	-14,6
Vaxtabætur	124	72	70,6
Önnur trygginga- og velferðarmál	1.241	1.209	2,7
<b>Almannatryggingar og velferðarmál</b>	<b>22.276</b>	<b>21.514</b>	<b>3,5</b>
Lífeyrisskildbindingar, eftirlaun	1.949	1.670	16,7
Fjármagnstekjuskattur	164	143	14,9
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	8.881	0	-
Annað	907	1.014	-10,5
<b>Önnur útgjöld</b>	<b>11.901</b>	<b>2.827</b>	<b>321,0</b>
<b>Gjöld alls</b>	<b>113.782</b>	<b>98.941</b>	<b>15,0</b>

Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um rúman 1 ma.kr. milli ára og námu 35,3 ma.kr. Vaxtagjöld ríkissjóðs skýra stærstan hluta af þessari upphæð eða um 64%, en þau námu 22,6 ma.kr. og jukust um 1,5 ma.kr. milli ára. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 4,3 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára sem var í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld vegna utanríkismála námu 2,5 ma.kr. og útgjöld vegna fjármálastjórnsýslu ríkisins 2,7 ma.kr. Þá námu útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu um 3,2 ma.kr. og voru svipuð og á síðasta ári.



Útgjöld til lög- og réttargæslu námu um 5,3 ma.kr. og jukust lítillega milli ára. Stærstu útgjaldabættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 940 m.kr. á tímabilinu og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu 996 m.kr. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 528 m.kr. og annarra lögregluembætta 929 m.kr. á tímabilinu. Útgjöld héraðsdómstóla námu 368 m.kr., útgjöld Fangelsismálastofnunar 369 m.kr. og útgjöld sérstaks saksóknara 159 m.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála námu 29,2 ma.kr. á tímabilinu og jukust töluvert á milli ára sem skýrist að stærstum hluta með niðurfærslu verðtryggðra húsnæðislána sem fellur undir þennan málaflökk. Stærsti útgjaldaliður þessa flokks er fyrrnefnd niðurfærsla sem nam 15,1 ma.kr. á tímabilinu. Þá námu útgjöld til samgöngumála 5,4 ma.kr. sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári en útgjöld Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 3,6 ma.kr. og dragast saman á milli ára en greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu skýra þessi útgjöld að stærstu leyti. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 1,6 ma.kr., útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum 1,2 m.kr. og útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 2,4 ma.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 36,6 ma.kr. og jukust um tæpa 4 ma.kr. milli ára. sem er meira en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 4,6 ma.kr. sem er lækkun frá fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna heilsugæslu námu 7,5 ma.kr. samanborið við 6,4 ma.kr. á sama tímabili 2014 sem er meiri aukning en gert hafði verið ráð fyrir. Af þeim útgjöldum námu greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu 3,6 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu 1,3 ma.kr. Útgjöld vegna sjúkrahússþjónustu námu 16,2 ma.kr. samanborið við 13,9 ma.kr. 2014 sem er umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu 11,9 ma.kr. en útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri námu 1,4 ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 1,5 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu 7,1 ma.kr. og jukust um rúmar 500 m.kr. milli ára. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnsýslu 1,2 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu um 4,8 ma.kr. á tímabilinu og voru heldur lægri en á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 2,1 ma.kr. og aukast lítillega milli ára. Útgjöld vegna íþróttar, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 2,6 ma.kr. þar sem helstu útgjaldabættir eru Ríkisútvarpið 912 m.kr. og útgjöld vegna kirkju- og sóknamála samtals 1,3 ma.kr. Útgjöld til menntamála námu 16,6 ma.kr. á tímabilinu og jukust um rúmar 700 m.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 5,5 ma.kr. og hærri en á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna háskólastigs námu 10,1 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári en minni en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu rúmum 2,9 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 5,6 ma.kr. Þá náum útgjöld vegna annarra menntamála rúmum 1 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 32,2 ma.kr. á tímabilinu janúar - mars og jukust lítillega milli ára en minna en gert hafði verið ráð fyrir. Undir þennan flokk falla stórir bóталиðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 8,5 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflökki. Útgjöld vegna öldrunarmála námu 12,2 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta ásamt bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 5,9 ma.kr. þar sem barnabætur og útgjöld vegna Fæðingaorlofs skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 3,4 ma.kr. samanborið við rúma 4 ma.kr. í fyrra.

Önnur útgjöld námu 9,5 ma.kr. á tímabilinu samanborið við 8,3 ma.kr. á fyrra ári. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga námu rúmum 3 ma.kr. á tímabilinu, samanborið við 2,6 ma.kr. á fyrra ári. Þá nam greiddur fjármagnstekjuskattur ríkisins 4,9 ma.kr. samanborið við 4,1 ma.kr. á fyrra ári.



## Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárjöfnuður ársins var neikvæður um 39,1 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 2,0 ma.kr. Afborganir af innlendum lánum ríkissjóðs námu 4,7 ma.kr. og 16,4 ma.kr. af erlendum lánum. Lántökur á tímabilinu námu alls 23,6 og staða ríkisvísla hækkaði um 1,4 ma.kr. Þannig nam nettó lántaka á tímabilinu alls 25,0 ma.kr.